

Veiðifélag Eystri-Rangár  
Keldum  
851 Hella

Reykjavík 14. júní 2019  
UST201902-319/F.T.  
08.12.02

### **Efni: Álagning dagsektu og krafa um úrbætur**

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 24. maí sl. þar sem stofnunin áformáði að leggja á dagsektir vegna frávika er fram komu í eftirliti dags. 17. desember 2018.

#### **Frávikan eru eftirfarandi:**

1. Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Skráningum í rekstrarhandbók er ábótavant. Skrá skal afföll, magn, gerð og meðhöndlun úrgangs. Skráningar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.
2. Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Skráningar um losun efna út í umhverfið vantar.
3. Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa vantar.
4. Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Neyðaráætlun vegna óvæntrar rekstrarstöðvunar vantar.
5. Gr. 2.1 og 2.6 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Beita skal bestu fáanlegu tækni til að fyrirbyggja mengun umhverfisins. Frárennsli skal forhreinsa áður en það berst í viðtaka. Ástand settjarnar er óviðunandi. Moka skal upp úr henni og/eða betrumbæta hreinsun frárennslis.

**Umhverfisstofnun hefur hvorki borist staðfesting á úrbótum eða tímasett úrbótaáætlun. Stofnunin leggur hér með á dagsektir, að fjárhæð 90.000 kr. á dag, á Veiðifélag Eystri-Rangár, og krefst úrbóta, sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Dagsektirnar leggjast á frá og með 18. júní nk. og þar til úr er bætt.**

Ákvörðun þessi mun verða birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar. Jafnframt mun stofnunin birta sjónarmið fyrirtækisins.

Umhverfisstofnun vekur athygli á 30. gr., sbr. 1. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, þar sem segir að stofnunin innheimti gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni eftirlits og beitingu þvingunarúrræða. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður nú innheimt samkvæmt gjaldskrá. **Gjaldið er kr. 52.800.**

Umhverfisstofnun bendir á að ákvörðun þessi er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Um aðild, kærufrest, málsméðferð og annað er varðar kæru fer samkvæmt lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa samband við Frigg Thorlacius í síma 591-2000 eða með tölvupósti á friggt@ust.is. Áætlun og/eða gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið ust@ust.is

Virðingarfyllst



Skúli Þórðarson  
sviðsstjóri



Frigg Thorlacius  
lögfræðingur

Afrit í tölvupósti: Heilbrigðisnefnd Suðurlands